

## Stjórnarfundur Sundráðs ÍRB 7. febrúar 2012

Mættir: Elsie, Ant, Harpa, Guðný, Sigurbór, Júlíus, Herdís, Anna, Kolbrún, Falur, Hjördís, Dúna, Lúlli, Hilmar, Ása, Guðmunda, Helga, Sigurbjörg

### 1. Farið yfir síðustu fundargerð og nýr ritari skipaður.

Hilmar Örn kosinn ritari, farið yfir síðustu fundargerð og hún samþykkt. Aðalmenn í Sundráði eru nú eftir aðalfund Sunddeildar Keflavíkur: Sigurbjörg formaður, Hilmar (SK) ritari, Helga Atla (SN) gjaldkeri, Sigurbór (SK) meðstjórnandi og Lúðvík (SN) varaformaður.

### 2. Staða í hópum - nýir meðlimir eftir: Skráðu vin

Farið yfir stöðu í hópum og skráðu vin. Nokkur um nýjar skráningar en einnig eitthvað um brotthvarf. Okkur vanta um 28 sundmenn til að áætlanir standist. Hugmyndir um hvernig auka má fjölda sundmanna ræddar. Setja upp auglýsingu í Sandgerði (tala fyrst við forráðamenn hjá Reyni til að sjá hvort sundæfingar séu að hættar þar) og einnig í Garði, fara í skóla þar til að auglýsa sundæfingar.

### 3. Uppgjör á Sheffield - fá fréttir af hvernig gekk.

Almenn ánægja var með ferðina, Elsie talaði um að krakkarnir hefðu mög gott af að fá alvöru keppni eins og þarna var. Krakkarnir voru flestir að bæta tímana sína. Cörlu nuddara þakkað sitt framlag.

### 4. Velunnari sundsins - fá tvo aðila til að klára það mál.

Hilmar og Guðný taka að sér að útbúa miða sem krakkarnir taka með sér heim til afa og ömmu. Keppni sett upp á milli hópa hjá Sprettfiskum og hærra. Hver nær í flesta velunnara. Setja lista með öllum okkar velunnurum á heimasíðuna.

### 5. Skiltin við sundlaugina og aðrir styrktaraðilar.

Úthlutað verkefnum við að rukka inn þau skilti sem eru uppi í sundlauginni. Júlli tekur niður skilti hjá þeim sem ekki hafa borgað síðasta ár og hjá þeim sem ekki vilja framlengja samninginn. Stjórnarmenn beðnir um að ljúka við að ganga frá skiltamálum fyrir næsta fund.

### 6. Önnur mál

- Falur er að panta nýjar sundhettur með breyttu útliti.
- Elise ræddi um búningana sem við notum, efnið er heitt og bolirnir þykja lykta illa eftir daginn. Kanna þarf hvort til sé önnur efni sem henta betur en halda okkur við sömu liti.
- Bréf frá Hafdís Lilju og Guðbjörgu Lilju lesið upp þar sem lýst er ánægju með störf Anthony
- Kolla var með fyrirspurn hvort nota mætti inneign í sundsjóði til greiðslu æfingargjalda en það er ekki heimilt
- Áætlað er að halda skemmtikvöld fyrir foreldra og gesti þeirra þann 16. mars. Er þetta fjáröflun fyrir þá sem eru að fara til Danmerkur
- Boða þarf foreldrafund 7. mars fyrir ÍM50
- Boða foreldrafund 13. feb. vegna Danmerkurferðar
- Ákveða þarf hverjir eru í farastjórn vegna Danmerkurferðar

### 7. Farið yfir punkta frá foreldrum frá síðasta fundi, Ant og Kolla yfirgefa fundinn.

Sigurbjörg fór yfir helstu punkta málsins sem komu fram í bréfi frá foreldrum nokkura sundmanna og síðan fór fram almenn umræða. Ákveðið að formenn tækju saman svarbréf á grundvelli þeirra punkta sem fram komu á fundinum og sendu á foreldrana sem um ræðir. Stjórnarmenn eru allir mjög ánægðir með störf yfirþjálfara Sundráðs ÍRB Anthony Douglas Kattan.

Næsti fundur boðaður 6. mars

Fundi slitið 22:15

Fundaritari

Hilmar Örn